

## Umsókn um að gerast forystuskóli í Hafnarfirði

Umsókn sendist til Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, b.t. fræðslustjóra.

Sjá nánar starfsreglur fyrir forystuskóla á vef bæjarins:

<http://www.hafnarfjordur.is/opload/files/pdf/skolaskrifstofa/Starfsreglurforystuskola.pdf>

### Skólastefna Hafnarfjarðar (2005)

Aðstæður í skólaumhverfi Hafnarfjarðar verði þannig að einstaka skólum gefist kostur á að sækja um að sinna faglegri forystu, gerast forystuskóli, á ákveðnum sviðum og þeir verði styrktir sérstaklega til þess. Sérhver forystuskóli móti sína sérstöðu og sé reiðubúinn til að gegna ákveðnu ráðgjafarhlutverki og hafi frumkvæði að því að miðla reynslu og þekkingu sinni til annarra skóla. Símenntun starfsmanna forystuskóla taki mið af sérstöðu þeirra. (Skólastefna Hafnarfjarðar 2005, liður 1.7 inngangur)

Gildir frá 1. ágúst 2005.

Þó að umsóknarfrestur sé enginn eru umsóknir sendar inn fyrir 1. apríl ár hvert í forgangi til að gerast forystuskóli fyrir næsta skólaár á eftir (1. ágúst).

**Athugið! Þetta er sérstakt umsóknareyðublað fyrir umsókn um forystuskóla í Hafnarfirði.** Eyðublaðið er að finna á vef bæjarins fyrir stafræna gerð umsóknar (Word-snið):

[Http://www.hafnarfjordur.is/opload/files/pdf/skolaskrifstofa/forystuskolaumsokn.doc](http://www.hafnarfjordur.is/opload/files/pdf/skolaskrifstofa/forystuskolaumsokn.doc)

Umsókn skal skilað inn í tveimur eintökum, þ.e. einu á stafrænu formi (til [skolaskr@hafnarfjordur.is](mailto:skolaskr@hafnarfjordur.is) og á [magnusb@hafnarfjordur.is](mailto:magnusb@hafnarfjordur.is)) og einu á pappír með öllum undirskriftum.

Umsókn er ekki tekin gild nema bæði eintökin berist og undirritanir séu í lagi.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar  
Strandgötu 31  
220 Hafnarfjörður

Sími 585 5800      Bréfsími 585 5809  
Netfang: [skolaskr@hafnarfjordur.is](mailto:skolaskr@hafnarfjordur.is)  
Veffang: [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)



1. Nafn skóla:

Leikskólinn Arnarberg

2. Skólastjóri:

Oddfríður Jónsdóttir

3. Netfang:

arnarberg@hafnarfjordur.is

4. Óskað er eftir að gerast forystuskóli í:

Leikskóla með áherslu á læsishvetjandi umhverfi (vinnuheiti)

5. Nánari útlistun forystuhlutverks sem stefnt er að og rökstuðningur skólans til að ráða við það, m.a. hvernig verkefnið kemur nemendum til góða og stuðlar að skólaþróun:

Forsaga málsins og ákvörðun um að sækja um að verða forystuskóli í læsishvetjandi umhverfi, er að árið 2005 sóttumst við eftir að gersta forystuskóli en fengum ekki en við höfum unnið þróunarstarf í tvö ár og teljum okkur vera komnar með mikla reynslu á þessu sviði. Á þessu tímabili hefur verið unnin mikil forvinna og námsgagnagerð. Í okkar leikskóla er mikið um nýbúa börn og einnig höfum við átta erlenda starfsmenn því er mikil áhersla lögð á málörvun í starfi okkar.

Umræða innan leikskólans hefur snúist um að efla starfshætti og orðstýr og hvaða verkefni gætu styrkt stöðu hans innan Hafnarfjarðar. Leikskólakennari í skólanum er og hefur verið áhugamaður um að efla menntun elstu barnanna í leikskólanum og hefur aflað sér menntunar á því sviði. Því má segja að kveikjan hafi komið í kjölfar áhuga hans á málefninu.

Einnig vakti áhuga starfsfólks á söguhefð, námsferð þess til Edinborgar þar sem við skoðuðum stórkostlegt bókasafn í Falkirk og fengum námskeið í Storytelling hjá mjög færum þarlandum kennara.

Starfsmannahópurinn hefur sýnt málinum mikinn áhuga og á starfsmannafundi 3. mars 2008, var málið tekið til umfjöllunar og í kjölfarið ákveðið að sækja um að nýju að gerast forystuskóli með áherslu á læsishvetjandi umhverfi. Fræðileg þekking á málefninu er til staðar í leikskólanum og eftirfarandi rök teljum við styðja það að verkefnið komi nemendum til góða og stuðli um leið að aukinni skólaþróun í Hafnarfirði.

Leikskólaárin eru næmis- og þroskaskeið í málþroska barna. Á þessum árum er lagður grunnur að læsi og er það sannfæring okkar að læsi á eftir að verða í brennidepli í leikskólastarfi á komandi árum. Samkvæmt nýjustu Písa rannsókninni komu íslensk börn þar ekki vel út í lesskilningi. Með umsókn þessari stefnir leikskólinn að því að gera nám og námsaðstæður barnanna læsishvetjandi og um leið auka máskilning barna.

Stoðir verkefnisins verða sóttar til Hrafnhildur Ragnarsdóttir prófessors, Jóhönnu Einarsdóttur, lektors og Halldóra Haraldsdóttir lektors, sú síðast nefnda hefur gefið vilyrði sitt fyrir fagleglegri ráðgjöf. Hrafnhildur telur að leggja beri meiri áherslu á að talmálið hjá leikskólabörnum en gert er og þeirri færni sem því tengist auk þess sem flókin málnotkun stuðlar að því að barnið noti málið sem sjálfstætt táknerfi. Í ljósi þess skiptir miklu máli að gera umhverfi barnanna fjölbreytt og ögrandi (Hrafnhildur Ragnarsdóttir 2004:20).

Góður málþroski er grunnur af lestrarnámi og hljóðfræðilegir þættir tengjast honum. Elbro bendir á rannsókn um leik með orðum, en þar kemur fram að örvun hljóðkerfisvitundarinnar sýndir að börn sem æfðu tuttugu mínútur á dag í átta mánuði gekk betur í lestrarnámi í fyrsta bekk en í samanburðarbekk. (Elbro Carsten 2002:102).

Í grein Þóru Kristinsdóttur *Að lesa og skrifa er listin góð* er talað um 5 stig lestrarþróunar. Börn geta verið á fleiri en einu stigi í einu, en talið er að leikskólabörn séu flest á fyrsta stiginu, *undirbúningsstigi*. Jákvæð reynsla og upplifun barna varðandi lestur, leiðir til þess að þau geri sér smá saman grein fyrir þeim þáttum sem mynda undirstöðu undir áframhaldandi þróun læsis (Þóra Kristinsdóttir 2000).

Börn sem hafa þroskaða hljóðfræðilega þætti eru betur í stakk búin til að læra að lesa og þekkja muninn á máli og lestri en þau sem hafa seinfæra hljóðfræðilega þætti. Börn verða að skilja hljóðræna uppbyggingu orða og gera sér grein fyrir að orð eru samsett úr röðum hljóða. Þau verða að tengja hljóðin við bókstafi þ.e. að sundurgreina hljóð í orðum. Börn sem æfa rím læra að sundurgreina og samtengja hljóð sem er góð leið í lestrakennslu (Elbo Casten 2002:102).

Verkefnið fellur vel að námskrá leikskólans sem byggir m.a. á kenningum Dewys, þ.e. að börn séu virkir þátttakendur í umhverfi sínu og námi. Einnig teljum við að verkefnið sé í anda Skólustefnu Hafnarfjarðar, þ.e. að allir nemendur fái tækifæri á að læra í gegnum leik með því að bjóða upp á fjölbreytt efnisval og ögrandi verkefni í skólastarfinu. Auk þess teljum við að verkefnið auki fjölbreytni og þekkingu í skólasamfélagi Hafnarfjarðar.

Fræðin segja að börn geti verið misjafnlega á vegi stödd í þroska sínum þar sem börn koma úr ólíku málumhverfi, hafa mismunandi getu, reynslu og þroska. Því þarf að taka tillit til hvers einstaklings svo það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum.. (Rannveig Jóhansdóttir.1997: 14) Í aðalnámskrá leikskóla (1999: 21 kemur fram að skapa beri umhverfi í leikskóla sem hvetur barn til þess að kanna leyndardóma ritaðs máls og vekji löngun þess til að læra að lesa og skrifa. Þeir telja einnig að sama ferli eigi sér stað við að nota tákn í leik og við lestur.) Mikilvægasti leikurinn er hlutverkaleikurinn sem er tilvalinn vettvangur til örvunar þroska barna, til myndunar læsisþroska og að lokum að hlutverkaleikurinn sé læsishvetjandi, því þar hafa börnin orðið og virk málnotkun hvetur til læsis þ.e. þróun hlutverkaleiks helst í hendur við þróun ritmáls (Jóhanna Einarsdóttir 1995 :13).

Á fagfundi leikskólakennara 1. Apríl sl. samþykktu að skólinn myndi sækja um að nýju að gerast forystuskóli. Allir starfsmenn höfðu áður lýst miklum áhuga á verkefninu og samþykktu það. ( starfsmannafundur 3. mars)  
Sjá fylgiskjal, *Staðfestinga kennararfundar*.

Ljósrit af fundargerð kennararfundar fylgi einnig sem fylgiskjal við umsóknina

7. Umsögn foreldraráðs skólans:

Sjá fylgiskjal, *Umsögn foreldrafélags*.

Umsögn foreldraráðs (grunnskóli) eða foreldrafélags (leikskóli) fylgi sem fylgiskjal við umsóknina.

8. Væntanlegur verkefnisstjóri forystuskólaverkefnisins (annar en skólastjórnendur):

Guðfinna Guðnadóttir, leikskólakennari með diploma í námi og kennslu elstu barna og Guðrún Björnsdóttir leikskólakennari ( sérkennslustjóri)

9. Netfang verkefnisstjóra:

[gudfi@ismennt.is](mailto:gudfi@ismennt.is) [gudfinna.g@hafnarfjordur.is](mailto:gudfinna.g@hafnarfjordur.is) [gudrunb@hafnarfjordur.is](mailto:gudrunb@hafnarfjordur.is)

10. Menntun, starfsreynsla og fagþekking væntanlegs verkefnisstjóra:

Guðfinna Guðnadóttir

Menntun/fagþekking:

Leyfisbréf til kennslu í grunnskóla á yngri barna stigi árið 2005.

Diplómagráða í nám og kennslu yngri barna frá KHÍ 2004.

B.Ed í leikskólafræðum frá KHÍ 1999.

Verður verkefnisstjóri en ekki í starfi á Arnarbergi að öðru leyti.

Starfsreynsla:

Aðstoðarleikskólastjóri Arnarbergs frá 2003

Deildarstjóri í leikskólanum Hörðuvellum frá 2002

Leikskólastjóri í leikskólanum Barnaborg í Aðaldal S-þing frá 1990

Guðrún Björnsdóttir

Menntun/fagþekking

Leikskólakennari frá Fósturskóla Íslands 1990

Starfsreynsla

Deildarstjóri á Norðurberg 1990 – 1993

Deildarstjóri á Arnarbergi 1993 – 2006

Aðstoðarleikskólastjóri 1995 – 2000

Sérkennslustjóri 2006 -

11. Óskir um ráðgjöf frá Skólaskrifstofu tilgreinið þá þætti sem óskað er ráðgjafar í í samræmi við 8. lið starfsreglna um forystuskóla:

Upplestur/ framsögn frá Ingibjörgu Einarsdóttur, 8 klst

Ráðgjöf vegna forystuverkefnis frá Sigurborgu Kristjánsdóttur, 12. klst

12. Markmið verkefnisins – yfirmarkmið verkefnisins í heild sinni til 5 ára:

Markmið verkefnisins er að:

- gera umhverfið læsishvetjandi fyrir börnin.
- þróa starfs- og kennsluhætti.
- undirbúa börnin í leikskólanum fyrir áframhaldandi skólagöngu.
- efla þekkingu í skólasamfélagi í Hafnarfirði.
- auka fjölbreytni í skólasamfélagi í Hafnarfirði.
- vinna að Skólastefnu Hafnarfjarða

13. Markmið verkefnisins – undirmarkmið 1. starfsárs:

Markmið fyrsta starfsárs verður að gera umhverfi barnanna læsihvetjandi og þróa starfs- og kennsluhætti.

Til að verkefnið verði ávinningur fyrir börnin förum við þá leið að:

- hafa gott aðgengi barnanna að bókum, skriffærum, tölvu og öðrum námsgögnum.
- lesa sögu 2 - 3 á dag í hópastarfi, hvíldarstund og eftir síðdegishressingu. Teknir verða efnisþættir og orð, þau skilgreind með aðferðafræði barnaheimspekinnar, unnið með hugtök, endursögn og í hópastarfi verður leikræn tjáning notuð til efla framsagnarfærni, myndsköpun í tengslum við efni sögunnar o.s.frv
- framsögn 1x í viku í samverustund eftir vettvangsferðir. Börnin segi frá upplifunum sínum.
- að nýta kennsluefnið *Ótrúleg eru ævintýrin* (sögur og vísur til málörvunar) eftir Sigríði J Þórisdóttir sem kveikju fyrir umræður, frásögn og framsögn.

Til að verkefnið verði ávinningur fyrir starfsmenn leikskólans sem leiðir af sér betra nám börnunum til handa verður boðið upp á:

- Námskeið í umhverfismennt til að efla fagmennsku starfsmanna til að vinna úr vettvangsferðum.
- Námskeið í framsögn.
- Námskeið í sjálfsmati.

14. Nákvæm tímáætlun verkefnisins fyrsta starfsárið:

Mánuður	Viðfangsefni
Ágúst	Grunnmælingar og viðmið sett. Viðhorfskönnun um efnisþætti meðal foreldra og starfsmanna. Fræðsla/fyrirlestrar fyrir starfsmenn: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Halldóra Haraldsdóttir, lektor við HA.</li> <li>• Bára Fjóla Friðfinnsdóttir, diplóma í listsköpun frá KHÍ.</li> <li>• Ingibjörg Einarsdóttir, íslenskufraeðingur frá HÍ.</li> <li>• Björk Alfreðsdóttir námskeið í TMT.</li> </ul>
September	Starfshættir og aðbúnaður aðlagður að verkefninu. <ul style="list-style-type: none"> <li>• Starfsfólk tileinkar sé notkun mynd og hljóðupptöku.</li> <li>• Starfsaðstæður aðlagðar að verkefninu og nýju starfsfólki.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>Öflun kennslugagna.</li> </ul>
<b>Október</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsfólk heldur áfram að þróa færni sína og auka þekkingu með lestri fagbóka um efnið.</li> <li>Frásagnarfærni og hlustun barnanna efld.</li> </ul>
<b>Nóvember</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsfólk heldur áfram að þróa færni sína og efla fagmennsku</li> <li>Myndbandsupptökur í sögustundur - sjálfsmat</li> <li>Frásagnarfærni og hlustun barnanna efld.</li> <li>Framsögn og tjáning með hjálp skuggaleikhúss.</li> </ul>
<b>Desember</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hefðbundin leikskólakennsla með áherslum á hefðir í tenglum við jólahátíð.</li> </ul>
<b>Janúar</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsfólk heldur áfram að þróa færni sína og efla fagmennsku</li> <li>Starfsfólk skoðar og metur eigin framfarir – mátar við myndbandsupptöku frá í nóvember.</li> <li>Frásagnarfærni og hlustun barnanna efld ennfrekar</li> <li>Parasamstarf hefst – starfsfólk velur sér rýnifélaga.</li> <li>Framsögn og tjáning með hjálp skuggaleikhúss.</li> <li>Fyrirlestur og kennsla á námsefninu <i>Ótrúleg eru ævintýri</i> í umsjón Guðrúnar Björnsdóttur leikskólakennara.</li> </ul>
<b>Febrúar</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsfólk heldur áfram að þróa færni sína og efla fagmennsku</li> <li>Unnið áfram með framsögn og hlustun með stuðning skuggaleikhúss.</li> <li>Áfram unnið með kennsluefnið <i>Ótrúleg eru ævintýri</i>.</li> </ul>
<b>Mars</b>	Auk framgreindra aðferða bætist við: <ul style="list-style-type: none"> <li>Loðtöflusögur þar sem börnin spinna upp eigin söguþráðm, skrifa og teikna eigin sögu með aðstoð hópstjóra.</li> <li>að börnin flytja söguna sína fyrir hópinn sinn.</li> </ul>
<b>Apríl</b>	Auk framgreindra aðferða bætist við að: <ul style="list-style-type: none"> <li>börnin flytja verk sín og annara með söng og leikrænni tjáningu í sal skólans.</li> <li>Páskapema.</li> </ul>
<b>Mái</b>	Myndbandsupptaka og mat á starfi og notuð viðurkennd mælitækin
<b>Júní</b>	Nýta nánasta umhverfið í vettvangsferðir. <ul style="list-style-type: none"> <li>að spjalla um það sem fyrir augu ber.</li> <li>að búa til sögur úr þeim ferðum.</li> <li>að börnin taki myndir og segi frá myndefninu.</li> </ul>
<b>Júlí/ Ágúst</b>	Matsskýrsla og áætlunargerð í ljósi mats fyrir næsta skólaár. Símenntunaráætlun fyrir áframhaldandi verkefna vinnu.

15. Gróf tímaáætlun fyrir verkefnið til 5 ára, þ.e. faglegar áherslur á hverju starfsári fyrir sig:

1. ár (samantekt úr spurningu 14):

Við upphaf forystuverkefnis

<p>Grunnmælingar og viðmið sett. Viðhorfskönnun um efnisþætti meðal foreldra og starfsmanna. Fræðsla/fyrirlestrar fyrir starfsmenn: Starfshættir og aðbúnaður aðlagður að verkefninu. Nota markvissa málörvun og tákni með tali.</p> <p>Starfsfólk heldur áfram að þróa færni sína og auka þekkingu með lestri fagbóka um efnið.</p>
<p>2. ár:</p> <p>Unnið áfram að framangreindum markmiðum í ljósi mats og árangurs fyrsta árs. Kynning á stöðu verkefnisins fyrir: fræðsluráð, skólastjóra leik- og grunnskóla og aðra áhugasama.</p>
<p>3. ár:</p> <p>Unnið áfram að framangreindum markmiðum í ljósi mats og árangurs frá öðru ári. Kynning á stöðu verkefnisins fyrir: fræðsluráð, skólastjóra leik- og grunnskóla og aðra áhugasama.</p>
<p>4. ár:</p> <p>Unnið áfram að framangreindum markmiðum í ljósi mats og árangurs frá þriðja ári. Kynning á stöðu verkefnisins fyrir: fræðsluráð, skólastjóra leik- og grunnskóla og aðra áhugasama.</p>
<p>5. ár:</p> <p>Unnið áfram að framangreindum markmiðum í ljósi mats og árangurs. Kynning á stöðu verkefnisins fyrir: fræðsluráð, skólastjóra leik- og grunnskóla og aðra áhugasama.</p>

16. Matsáætlun fyrsta starfsárið (frá 1. ágúst til 31. júlí):

Matsþáttur 1: Verkefnisstjórnun

<p>ATRÍÐI: Verkefnisstjóri vinnur skipulega, viðhefur skýra stjórnun, undirbýr verkefni vel og á réttum tíma.</p> <p>Í ágúst fer verkefnastjóri yfir framkvæmdaráætlun með starfsmönnum leikskólans og setur þá inn einstaka verkþætti, auk þess verða tekin myndbönd af samverustundum sem verðar nýtt sem grunnmæling til að máta við loka mat að vori.</p> <p>Unnin verða viðmið um samverustundir- hvernig viljum við að samverustundirnar verði í leikskólanum.</p> <p>Viðhorfskannanir gerðar meðal foreldra þar sem m.a. verður spurt um hversu mikið er lesið á heimilinu, hvort lesið sé fyrir börnin, hvort foreldra telji að lestur auðgi orðaforða o.s.frv.</p> <p>Viðhorfskannanir gerðar meðal starfsmanna um viðhorf þeirra til lesturs, hvaða þætti þeir telji sig þurfa til að verkefnið skili góðum árangir o.s.frv.</p>
--

Matsþáttur 2: Upplýsingamiðlun/kynningarstarf

ATRÍÐI: Forystuverkefni er vel kynnt fyrir viðeigandi aðilum.

Foreldrum og öðrum áhugasömum fagaðilum verður boðið á kynningu á framkvæmdaráætlun. Við munum óska eftir því að kynna verkefnið sérstaklega fyrir fræðsluráði. Framgangur verkefnisins verður kynnt á heimasíðu skólans. Að vori verður gefin út áfangaskýrsla.

Matsþáttur 3: Endur- og símenntun

ATRÍÐI: Starfsfólk skóla er menntað og þjálfað í viðfangsefnum forystuskólaverkefnis.

Á fyrsta skipulagsdegi í upphafi leikskólaársins verður námskeiðsdagur. Aðal fyrirlesari verður Halldóra Haraldsdóttir, lektor við HA. Auk þess verður starfsmönnum boðið á fyrirlestra og þjálfun á skipulagsdögum og starfsmannafundum til að efla fagþekkingu sína.

Starfsmenn fá tækifæri til að æfa nýja færni milli námskeiða og máta sig við fyrri frammistöðu. Starfsmenn, tveir og tveir velja sér féлага til að vinna nánari með en öðrum og þeir rýna í störf og leiðbeina hver öðrum.

Á deildarfundum verður staða verkefnisins metin, m.ö.o. stöðugt símat verður í gangi. Matið verður heilstæður hluti verkefnisins.

Matsþáttur 4: Skólaþróun með forystuskólaverkefni

ATRÍÐI: Forystuskólaverkefnið leiðir til ákveðinnar og skilgreindrar skólaþróunar

Markmið með því að verða forystu skóli í læsi leiðir til fjölbreyttari þekkingu í skólasamfélagi í Hafnarfirði og með því að miðla þekkingu okkar og reynslu vonumst við eftir að þekkingin skili sér í skólastarf fleiri skóla. Sýnin er að börnin komi betur undirbúin til að takast á við verkefni næsta skólastigs.

Matsþáttur 5: Fagþróun

ATRÍÐI: Forystuskólaverkefni leiðir til fagþróunar á viðkomandi fagsviði

Með markvissum vinnubrögðum má leiða að því líkum að starfshættir verði faglegri og með stöðugri ígrundun á eigin starfi eru líkur á að fagmennska innan skólans verði meiri en hún er í dag. Þegar starfsmenn upplifa starfsþróun, að þeir séu að vinna að sameiginlegu marki sem bindur þá sama eru meiri líkur en minna að starfsánægja í leikskólanum aukist.

Matsþáttur 6: Virkni

ATRÍÐI: Skólasamfélagið er virkt í þátttöku verkefnisins og styður vel við það.

Við væntum þess að Skólaskrifstofan styðji við bakið á okkur í þessu verkefni bæði



fjárhagslega og faglega  
Einnig væntum við þess að vera í góðu samstarfi við Lækjarskóla sem er samstarfsskóli og jafnvel að þróa ákveðna þætti verkefnisins í samstarfi við starfsfólks hans.

Matsþáttur 7:

ATRÍÐI:

Matsþáttur 8: Heildarmat starfsárs

ATRÍÐI: Forystuskólaverkefni færir skólann fram á við í skólaþróun þetta starfsár á ýmsan hátt, t.d. Í áfangaskýrslu verður gerð grein fyrir heildarmati allra starfs- og verkefnisþátta síðasta starfsárs og ný framkvæmda- og símenntunaráætlun unnin.

17. Fjárhagsáætlun fyrir fyrsta starfsárið (frá 1. ágúst til 31. júlí):

GJÖLD:

Viðfangsefni:	Upphæð	Skýring(ar)
Verkefnisstjórn	Kr. 1.250.000	Launv/verkefnavinnu í ca. 25% starfi
Endurmenntunarkostnaður	Kr. 200.000	Fyrirlestrar og ráðgjöf Fimm fyrirlestrar og námskeið á skipulagsdegi
Kennslugagnakostnaður	Kr. 300.000	Bækur, blöð, og önnur kennslugögn .
Annar kostnaður:	Kr.	
- Launv/ starfsmannaf.	Kr. 100.000	Vegna tveggja auka starfsmannafunda í upphafi verkefnisins.
- Afleysing v/auka funda deildarstjóra	Kr. 100.000	Samráðsfundir deildarstjóra.
-	Kr.	
-	Kr.	
<b>Samtals</b>	<b>Kr. 1.950.000</b>	

TEKJUR:

Viðfangsefni:	Upphæð	Skýring(ar)
Forystuskólaverkefnisstyrkur fræðsluráðs	Kr. 1.200.000	Styrkur vegna verkefnisins
Aðrar tekjur:	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	

UMSÓKNAREYÐUBLAÐ: FORYSTUSKÓLI



-	Kr.	
-	Kr.	
-	Kr.	
<b>Samtals</b>	<b>Kr.</b>	

**Tekjur mínus gjöld** samtals kr. 750.000.000

Hafnarfirði 1 apríl 2008

— Skólastjóri

Skólastimpill

## Umsögn foreldraráðs (grunnskóli)/foreldrafélags (leikskóli)

Afstaða og viðhorf ráðs/félags til þess að viðkomandi skóli gerist forystuskóli á því sviði sem sóst er eftir. Til viðbótar mætti nefna hvaða afstöðu ráðið/félagið hefur til þess að styðja skólann í forystuskólahlutverkinu og hvernig slíkt gæti gerst. (50-200 orð.)

Umsögnin:

Virðingarfyllst,

Hafnarfirði \_\_\_\_ . \_\_\_\_ . 200 \_\_\_\_.

\_\_\_\_\_  
Formaður

\_\_\_\_\_  
Stimpill (ef til)

\_\_\_\_\_  
Meðstjórnandi

\_\_\_\_\_  
Meðstjórnandi

## UMSÓKNAREYÐUBLAÐ: FORYSTUSKÓLI



### Fylgigögn:

1. Afrit af fundargerð kennarafundar/starfsmannafundar
2. Umsögn foreldrafélags (leikskóli) eða foreldraráðs (grunnskóli) – ef hún fylgir ekki skýrsluforminu hér.
3. Önnur gögn, t.d. þróunaráætlanir, sí- og endurmenntunaráætlanir, skýrslur um þróunarverkefni skólans á sviði forystuskólaverkefnis o.fl. sem getur styrkt umsókn.

Mat Skólaskrifstofu á umsókn:

Afgreiðsla fræðsluráðs þann \_\_\_\_ . \_\_\_\_ . 200 \_\_\_\_:

Að lokinni afgreiðslu fræðsluráðs skal fræðslustjóri, innan viku frá ákvörðun fræðsluráðs, tilkynna niðurstöðuna til viðkomandi skóla/skólastjóra.